

## Stjórnarfundur 287

### FUNDARGERÐ

Dagsetning	Fundarstaður	Nr. fundar
20.06.2023	Fundarsalur NO 4.hæð	<a href="#">Stjórnarfundur 287</a>
Fundarritari	Fundartími	
Hilda Jana Gísladóttir	09:00 – 11:10	
Fundarmenn	Fjarverandi	
Hlynur Jóhannsson, formaður Hilda Jana Gísladóttir Geir Kristinn Aðalsteinsson Sif Jóhannesar Ástudóttir Þórhallur Jónsson Eyþór Björnsson, forstjóri	Þórunn Sif Harðardóttir, áheyrnarfulltrúi	

### Starfsfólk

Arnaldur B. Magnússon, sviðsstjóri  
Erla Björg Guðmundsdóttir,  
mannauðsstjóri  
Gunnur Ýr Stefánsdóttir, skrifstofustjóri  
Stefán H. Steindórsson, sviðsstjóri

### Aðrir, gestir á fundi

Guðmundur H. Sigurðarson, Vistorku  
Sesselja I. Barðdal Reynisdóttir, Eimi

---

**Dagskrá fundar:**

1. Lánamál – skammtímalán
2. Stjórnarstyrkir
3. Ársreikningur Norðurorku 2022, viðbótarupplýsingar
4. Artic Hydro, ósk um formlegar viðræður um sameiningu við Fallorku
5. Skýrsla Eflu um yfirbreiðslur sundlauga
6. Vistorka ehf. Kynning á helstu verkefnum
7. Eimur - árangur til þessa og væntur árangur næstu ára
8. Önnur mál

## 1. Lánamál - skammtímalán

Á 286. fundi samþykkti stjórn Norðurorku hf. að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga, allt að fjárhæð 800 mkr., til 17 ára. Lántökuberlið tekur nokkurn tíma og er það mat forstjóra og fjármálastjóra að taka þurfi skammtímalán til að fjármagn sé nægjanlegt til að standa undir fjárfestingum í sumar en það er þungur framkvæmdatími. Skammtímalánið verður svo greitt upp þegar langtímalánið verður afgreitt.

***Stjórn Norðurorku hf. samþykkir að taka 400 millj. kr. lán til þriggja mánaða sem greitt verður upp þegar langtímalán verður afgreitt.***

## 2. Stjórnarstyrkir

Í samræmi við vinnureglur stjórnar var farið yfir stöðu bakhjarla -og stjórnarstyrkja. Fyrir fundinum lá ein umsókn, frá meistaraflokki Þórs í körfubolta kvenna.

***Stjórn samþykkir að styrkja meistaraflokk Þórs í körfubolta kvenna um 600 þúsund kr.***

## 3. Ársreikningur Norðurorku 2022, viðbótarupplýsingar

Ársreikningaskrá hafnaði ársreikningi Norðurorku hf. 2022 vegna þess að ekki var getið um arðgreiðslu í krónum, einungis sem 15% af útgefnu hlutafé.

Stjórn Norðurorku hf. hefur yfirfarið ábendingu ársreikningaskrár. Eftirfarandi eru viðbótarupplýsingar við skýrslu stjórnar í ársreikning félagsins og samstæðunnar fyrir árið 2022. Þessar upplýsingar munu hér eftir, eftir því sem við á hverju sinni, verða innifaldar í skýrslu stjórnar í ársreikningum félagsins og samstæðunnar.

*"Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að greiddur verði arður að fjárhæð 127,0 millj. kr. til hluthafa á árinu 2023, sem jafngildir 15% af útgefnu hlutafé félagsins, en vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum."*

***Stjórn Norðurorku hf. undirritaði á fundinum viðbótarupplýsingar sem sendar verða Ársreikningaskrá.***

## 4. Artic Hydro, ósk um formlegar viðræður um sameiningu við Fallorku

Borist hefur erindi frá Artic Hydro þar sem óskað er eftir formlegum viðræðum við Norðurorku hf. um sameiningu Artic Hydro og Fallorku ehf.

***Afgreiðslu málsins frestað.***

## 4. Skýrsla Eflu um yfirbreiðslur sundlauga

Norðurorka hf fól Eflu verkfræðistofu að meta líklegan orkusparnað af því að breiða yfir sundlaugar að nóttu til. Einnig var tæknileg útfærsla yfirbreiðslna og kostnaður skoðaður.

***Skýrslan lögð fram til kynningar.***

## 5. Vistorka ehf. Kynning á helstu verkefnum

Guðmundur H. Sigurðsson framkvæmdastjóri Vistorku kynnti fyrir stjórn helstu verkefni félagsins.

***Stjórn þakkar Guðmundi fyrir góða kynningu á fundinum.***

## 6. Eimur - árangur til þessa og væntur árangur næstu ára

Sesselja Ingibjörg Barðdal Reynisdóttir kynnti þann árangur sem náðst hefur á undanförunum árum með starfi Eims og væntan árangur næstu þriggja ára.

Stjórn ræddi það hvort Norðurorka hf. muni styrkja verkefnið áfram, og þá hversu mikið og í hve langan tíma.

***Stjórn þakkar Sesselju fyrir góða kynningu á fundinum.***

***Stjórn samþykkir að styrkja verkefnið áfram um 15 millj. kr á ári í þrjú ár. Gerður verði samningur sem m.a. felur það í sér að Eimur kynnir fyrir stjórn framvindu verkefna á sex mánaða fresti á samningstímanum.***

## 7. Önnur mál

a. Niðurstaða er komin í mál varðandi kaup á hlutafé í Skógarböðum ehf. Gengið hefur verið frá kaupum á 4,54% hlut í Skógarböðum ehf. Sjá hluthafasamkomulag og fundargerð hluthafafundar 31. maí 2023.

b. Launakönnun orku- og veitugeirans o.fl. fyrirtækja. Forstjóri greindi stjórn frá því að Norðurorka hf. muni taka þátt í næstu könnun í haust.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 11:10